

Miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Samvinnuverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Umsókn um styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu til sveitarfélaga í þágu farsældar barna



Reykjavíkurborg



Kópavogsbær



Hafnarfjörður



GARÐABÆR



MOSFELLSBÆR



SELTJARNARNES



Barna- og
fjölskyldustofa



LÖGREGLAN

Efnisyfirlit

Markmið	3
Mótframlag	4
Lýsing á verkefni	5
Hlutverk fagfólks í teyminu	7
Samspil við önnur verkefni og úrræði	9
Hlutverk samstarfsaðila	10
Mat á árangri	11
Áframhald verkefnis	12
Kynning á niðurstöðum	13
Fagþekking verkefnahóps	13
Reglur, ferlar og lagalegur grunnur	14
Kostnaður	15
Nánari skýringar á kostnaði	16
Tímalína	17
Bakhópur	18
Aðrir samráðsaðilar	18
Helstu fundir og samráð vegna verkefnis	19

Markmið verkefnis eru margþætt. Fyrst og fremst er verkefninu ætlað að draga úr ofbeldistilfellum og ógnandi hegðun á meðal barna á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt skýrslu Ríkislögreglustjóra, Ofbeldi barna – staðan og áskoranir (2024) hefur orðið mikil aukning í alvarlegum ofbeldisbrotum og eins hefur orðið fjölgun ofbeldisbrota hjá aldurshópnum 13 - 15 ára. Hlutfall þeirra sem fremja ítrekuð ofbeldisbrot hefur einnig fjölgað milli ára. Samantekt frá Barna- og fjölskyldustofu um fjölda tilkynninga til barnaverndar á árunum 2022 - 2024 sýnir einnig fjölgun milli ára.

Verkefninu er ætlað að mæta þessari aukningu en einnig að auka viðbragðsflýti vegna ofbeldismála, auðvelda og skýra boðleiðir þegar upp koma ofbeldistilfelli og tryggja að öll kerfi starfi saman eins fljótt og auðið er, samanber lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Með því að tryggja viðeigandi viðbragð og stuðning við gerendur og þolendur í öllum málum og á fyrri þjónustustigum er dregið úr líkum á að slíkt brot endurtaki sig og þar af leiðandi fækka þeim málum sem vísa þarf á þriðja þjónustustig.

Teymið býður einnig upp á þann möguleika að veita tímabundna þjónustu utan skóla, t.d. í húsnæði félagsmiðstöðvar, í nokkra daga og veita stuðning við endurkomu inn í grunn- eða framhaldsskóla ef á við. Slík þjónusta er nauðsynlegt svo hægt sé að ná stjórn á aðstæðum og tryggja öryggi þeirra barna sem eiga aðkomu að málinu.

Með tilkomu teymisins myndast sérþekking og reynsla sem mun nýtast áfram í málaflokknum og forvarnarstefnum. Það mun einnig tryggja áhrifaríkari og færri fundi við samstarfsaðila, t.d. lögreglu, Flotann og vettvangsstarf í sveitarfélögum og auðvelda upplýsingaöflun um stöðu ofbeldismála. Með tilkomu teymisins verður einnig hægt að auka stuðning við aldurshópinn 16-18 ára auk þess sem það getur verið ráðgefandi fyrir sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins.

Mótframlag umsækjanda er í formi vinnuframlags.

Bakhópur: Bakhópur vegna verkefnis hefur verið starfandi frá því í maí 2025 og mun halda áfram störfum í frekari þróunarvinnu á meðan verkefnið er starfandi. Bakhópur, ásamt teyminu, eru framkvæmdaraðilar verkefnisins og upplýsir stýrihóp um stöðuna í gegnum fundargerðir.

Stýrihópur: Settur verður saman stýrihópur/eigendahópur með ábyrgðaraðilum frá öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu. Stýrihópurinn mun hittast reglulega á þeim tveimur árum sem tilraunaverkefnið er í gangi. Á fundunum verður framgangur verkefnis ræddur út frá fyrirliggjandi upplýsingum frá bakhóp og teymi. Ef upp koma áskoranir eða tilefni til breytinga verður sá vettvangur notaður til þeirrar umræðu og lausnarleitar. Stýrihópurinn á einnig að tryggja eignarhald og ábyrgð allra sveitarfélaganna að á verkefninu. Stýrihópurinn mun einnig taka ákvörðun, í samvinnu við viðeigandi aðila, um framhald verkefnis að tveimur árum liðnum.

Þjónustuveitendur: Þjónustuveitendur sveitarfélaganna, skv. lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, munu tryggja samstarf við starfsfólk teymisins og bera ábyrgð á framgangi máls innan viðeigandi þjónustustigs og sveitarfélags. Þeir munu veita þeim málum sem unnin eru í teyminu aðgang að þeim úrræðum og þjónustu sem sveitarfélag barsins býr yfir. Auk þess munu þeir haga samstarfinu við teymið þannig að þjónustuveitendur sveitarfélaganna geti haldið áfram að vinna málin án aðkomu teymisins eins fljótt og mögulegt er til að mál sé ekki unnin lengur í teyminu en þörf er á. Annar tilfallandi kostnaður, t.d. vegna túlkapjónustu verður greiddur af viðeigandi sveitarfélagi.

Stjórnendur sveitarfélaganna munu einnig gefa því starfsfólki sem vinna málin í viðkomandi sveitarfélagi tíma til að fara á námskeið á vegum Barna- og fjölskyldustofu þar sem þau fá fræðslu og þjálfun í vinnslu mála þegar barn hefur beitt ofbeldi skv. skilgreiningu verkefnis.

Lýsing á verkefni

Verkefnið er miðlægt bráða- og viðbragsteymi vegna ofbeldis meðal barna og er samvinnuverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarfélögin bera jafna ábyrgð á teyminu en Reykjavíkurborg hýsir teymið. Sveitarfélögin munu gera með sér samstarfssamning skv. 92. gr. stjórnsýslulaga með nánari útfærslum þar sem fram koma nauðsynlegar upplýsingar um eignarhald og ábyrgð. Teymið verður staðsett á einni af fjórum hverfamiðstöðvum Reykjavíkurborgar og næsti stjórnandi teymisstjórans verður starfsmaður Reykjavíkurborgar

Teyminu ætlað að tryggja að þau mál sem upp koma á höfuðborgarsvæðinu séu unnin af miðlægu, þverfaglegu og sérhæfðu teymi sem virkjast um leið og ofbeldi eða hótanir á meðal 10 – 18 ára barna sem sýna áhættuhegðun, á sér stað eða kemur upp. Teymið virkjast með samþykki foreldra þegar ofbeldismál koma upp en teyminu er einnig ætlað að ná til þeirra ofbeldismála sem ekki eru tilkynnt til lögreglu eða barnaverndar. Viðbragðstími teymis er að jafnaði innan sólarhrings. Almennir frídagar geta þá lengt viðbragðstímann.

Með samræmdum viðbrögðum við ofbeldishegðun barna skapast nauðsynleg sérþekking sem mun nýtast vel á vettvangi auk þess sem betri yfirsýn næst yfir stöðu ofbeldismála á höfuðborgarsvæðinu í heild.

Þjónustuveitendur skv. samþættri þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 geta virkjað teymið á einfaldan hátt. Í samvinnu við ábyrgðaðila þjónustunnar innan sveitarfélagsins veitir teymið foreldrum stuðning og leiðbeiningar um næstu skref eftir að ofbeldisatvik kemur upp, hittir barnið og miðlar upplýsingum í nærumhverfi eins og t.d. skóla og félagsmiðstöð. Lögð verður áhersla á að veita öflugan uppeldisstuðning inn á heimili barsins eins og kostur er, jafnvel daglega á meðan jafnvægi næst.

Teymið mun ávallt kynna og bjóða forráðamönnum og barni, ef við á, samþætta þjónustu ef mál barsins er ekki samþætt þegar teymið er virkjað. Teyminu er ætlað að vinna með einstaka mál frá því að barn hótar eða beitir ofbeldi og þangað til búið er að tryggja framgang máls innan skóla barnsins, barnaverndar- eða félagsþjónustu viðeigandi sveitarfélags.

Áætlað að vinnsla teymisins geti varað í 1 - 6 vikur, eftir eðli máls. Þegar teymið hefur sinnt hlutverki sínu, í samvinnu við viðeigandi sveitarfélag lýkur aðkomu þess með fundi og skýrslu. Teymið mun bjóða upp á eftirfylgd í þeim málum sem við á.

Teymið sinnir einnig mikilvægu hlutverki gagnvart skólum og félagsstarfi barns með því að veita möguleika á tímabundinni þjónustu á skólatíma sem fer fram í nærumhverfi barnsins, t.d. í húsnæði félagsmiðstöðvar, á meðan öryggi viðeigandi aðila er tryggt.

Einnig myndi teymið fylgja barni við endurkomu inn í grunn- eða framhaldsskóla ef við á. Þá tryggir teymið að ofbeldisatvikið verði tilkynnt/skráð hjá viðeigandi barnaverndarþjónustu og lögreglu eins og við á.

Með tilkomu teymisins verður einnig hægt að auka stuðning við aldurshópin 16 - 18 ára í samráði við NEET undirhóp aðgerðarhóps meðal barna og gegn börnum á vegum MRN.

Auk þess getur teymið verið ráðgefandi fyrir sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðsins.

Teymið samanstendur af teymisstjóra, tveimur félagsráðgjöfum og sálfræðing í fullu starfi og þremur til fjórum starfsmönnum í 250% stöðugildum sem veita einstaklingsstuðning. Lögð verður áhersla á að starfsfólk teymisins endurspegli samfélagið m.t.t. kynja og mismunandi tungumála- og menningarbakgrunns.

Auk þess mun Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggja til vinnu í teymið í formi samráðs- og samstarfsfunda og aðkomu að einstaklingsmálum.

Teymið mun fá vikulega handleiðslu frá reyndum sérfræðingum á Barna- og fjölskyldustofu, annarsvegar frá Meðferðarsviði, þar sem reyndir MST meðferðaraðilar starfa og hins vegar frá Farsældarsviði, sem er ætlað að styðja við vinnslu mála skv. lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Auk þess mun Barna- og fjölskyldustofa bjóða öllum málstjórum á 2. og 3. þjónustustigi sem starfa á höfuðborgarsvæðinu upp á námskeið vegna vinnslu mála þar sem börn beita ofbeldi.

Hlutverk fagfólks í teymi

Teymisstjóri

Einn styrkleiki verkefnis er sú þverfalega reynsla og þekking sem teymismeðlimir búa yfir. Hver teymismeðlimur er með ákveðið hlutverk og skyldur skv. vinnulagi.

Teymisstjóri ber ábyrgð á starfsfólki teymisins og almennum starfsmannamálum, t.d. vinnustund, orlofsóskum o.fl. Hann ber einnig ábyrgð á að teymið starfi eftir því verklagi sem lagt er upp með og tekur ákvarðanir um hvort þau mál sem vísað er til teymisins uppfylli skilyrði skv. skilgreiningu. Teymisstjóri getur þurft að taka við símtölum utan dagvinnutíma ef þjónustuveitendur (t.d. bakvaktarstarfsfólk barnaverndar, lögreglan eða starfsfólk félagsmiðstöðva) telja nauðsynlegt og fær greidda yfirvinnutíma sem að því nemur. Slíkt tilfelli gæti t.d. verið ef ofbeldistilfelli kemur upp utan dagvinnutíma, foreldrar samþykkja aðkomu teymis og nauðsynlegt er að gera ráðstafanir fyrir næsta virka dag.

Félagsráðgjafar

Félagsráðgjafar teymisins sinna þeirri þjónustu sem nauðsynlegt er eftir eðli máls. Í öllum málum sem vísað er til teymisins er öðrum félagsráðgjafanum úthlutað ábyrgð á málinu í samvinnu við ábyrgðaraðila innan viðeigandi sveitarfélags. Félagsráðgjafinn tryggir að forráðamönnum og barni ef við á, sé boðin samþætt þjónusta ef mál var ekki samþætt áður en því var vísað til teymisins. Félagsráðgjafinn styður ábyrgðaraðila samþættrar þjónustu við lögbundið hlutverk sitt, við að setja saman og stýra stuðningsteymi og stuðningsáætlun með mælanlegum markmiðum skv. lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Undantekning frá þessu er ef ekki þykir ástæða til að vinna málið á 2. stigi skv. lögnum en þá áfram unnið í samvinnu við skóla barsins og/eða félagsmiðtöð á 1. stigi skv. lögnum. Félagsráðgjafinn veitir einnig öflugan uppeldisstuðning inn á heimili barnsins eða á báðum heimilum sé barn með aðsetur á tveimur heimilum. Félagsráðgjafinn, í samvinnu við foreldra grípur til viðeigandi ráðstafanna til að tryggja öryggi viðeigandi aðila í samvinnu við málsaðila og ábyrgðaraðila innan sveitarfélagsins. Þær ráðstafanir gætu t.d. verið ákvörðun um að barnið mæti ekki í skólann næstu daga ef gerandi eða polandi máls er í hættu á ofbeldi og útvega þá viðeigandi þjónustu á meðan, útbúa öryggisplön, leitarplön og almennar leiðbeiningar til forráðaaðila. Áhersla er lögð á að veita stuðninginn inn á heimili barnsins og í nærumhverfi þess. Stuðningurinn er markviss og gæti jafnvel átt sér stað nokkrum sinnum á dag, ef þörf er á þangað til jafnvægi næst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Félagsráðgjafar- frh

Félagsráðgjafar teymisins gætu þurft að taka við símtölum utan dagvinnutíma ef mál er þess eðlis að ákveðið hefur verið að útvega forráðamönnum eða börnum vinnusímanúmer félagsráðgjafans ef tilefni þykir til að hafa samband. Félagsráðgjafarnir fá greidda yfirvinnutíma sem að því nemur. Teymisstjóri getur einnig óskað eftir að félagsráðgjafarnir taki við símtölum sem annars ættu að berast honum af ástæða þykir til.

Sálfræðingur

Sálfræðingur teymisins veitir sálfræðilega aðstoð til geranda og forráðamanna ef ástæða þykir til. Sú fagþekking er mikilvæg til að flýta fyrir kortlagningu á vanda barnsins og þeirri þjónustu sem nauðsynlegt er að veita í framhaldinu. Sálfræðingurinn mun auk þess geta boðið þolendum og forráðamönnum þeirra áfallaaðstoð. Með því er tryggt að hvorki gerendur eða þolendur í ofbeldismálum þurfi að bíða eftir nauðsynlegri sálfræðiaðstoð.

Einstaklings- stuðningur

Einstaklingsstuðningur: 3-4 starfsmenn teymisins sinna einstaklingsstuðningi við barnið, í hlutastarfi. Þessir aðilar eru með bakgrunn og reynslu í vinnu með börnum og unglingum og tómstunda- og félagsmálafræði eða með sambærilega reynslu og/eða menntun. Lögð verður áhersla á að þeir sem sinna einstaklingsstuðningi endurspegli samfélagið m.t.t. kynja og fjölbreyttra tungumála- og menningarbakgrunna. Hlutverk einstaklingsstuðningsins er að veita barninu stuðning á meðan vinnsla teymisins er í gangi, tryggja að rödd þess heyrist í öllum ákvörðunum sem teknar eru við vinnslu málsins og styðja við þau markmið sem barnið sjálft hefur sett við upphaf málavinnslu. Þeir sem sinna einstaklingsstuðningi við barnið gætu þurft að vinna utan dagvinnutíma ef mál er þess eðlis, t.d. með því veita barni frekari stuðning. Þetta gæti átt við þegar unnið er að því að fá barn til að mæta í viðeigandi félagsmiðstöð og viðvera einstaklingsstuðningsins þar gæti skipt máli eða þegar ákveðið hefur verið að gera eitthvað uppbyggilegt saman utan dagvinnutíma. Starfsfólkið fær greidda yfirvinnutíma sem að því nemur.

Samspil við önnur verkefni og úrræði

Verkefnið er byggt á hugmyndinni um verkefnið Senter, sem hefur verið starfrækt síðan 2021 í Suðurmíðstöð, einni af fjórum miðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Markmið Sentera er að bregðast við áhættuhegðun og hegðunarvanda barna og unglunga á samræmdan og markvissan hátt með þverfaglegri samvinnu í nærumhverfi barns. Að mati stjórnenda og þjónustuveitenda í Breiðholti hefur Senter reynst vel, samstarf stofnanna hefur aukist, boðleiðir hafa styst og ýmis mál hafa leyst á skemmri tíma en áður. Með aðkomu Senter styrktist nærumhverfi barns sem gerir skóla-og frístundaumhverfi þess betur í stakk búið til þess að takast á við slík mál þegar þau koma upp. Reynslan sem sú vinna hefur gefið af sér sýnir aftur mikilvægi þess að hafa yfirsýn yfir málaflokkinn í heild. Að Senter sé staðsett í einu hverfi í einu sveitarfélagi er takmarkandi m.t.t. þeirra áhrifa sem slíkt úrræði gæti haft, væri slíkt teymi starfandi á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Með tilkomu teymisins verða einnig til frekari tækifæri til úrbóta og samvinnuverkefna. Meðal annars væri hægt að horfa til þeirra fjölda samstarfsverkefna á norðurlöndunum sem borið hafa góðan árangur vegna ofbeldis meðal barna.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Sveitarfélögin bera sameiginlega ábyrgð á verkefninu þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hýsi teymið. Þau bera einnig ábyrgð á þeim málum sem unnin eru í teyminu en hvar sé ábyrgðaraðili er staðsettur ræðst af því á hvaða þjónustustigi mál barsins er unnið.

Barna- og fjölskyldustofa: Barna- og fjölskyldustofa mun veita teyminu vikulega handleiðslu og oftast ef þörf er á. Handleiðslan verður veitt af sérfræðingum af Meðferðar- og Farsældarsviði. Á Meðferðarsviði starfa reyndir MST meðferðaraðilar sem geta veitt ráðgjöf og stuðning varðandi málavinnslu og á Farsældarsviði starfa sérfræðingar í farsæld barna. Með handleiðslunni er tryggt að teymið hafi aðgang að fagfólki sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á viðeigandi viðbrögðum við ofbeldishegðun barna og lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Auk þess mun Barna- og fjölskyldustofa bjóða öllum málstjórum sem starfa á höfuðborgarsvæðinu upp á námskeið vegna vinnslu mála þar sem börn beita ofbeldi. Námskeiðið verður haldið í sameiningu af Meðferðar- Farsældar- og Gæðasviði stofnunarinnar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu: Lögreglan leggur til vinnu í teymið í formi samráðs- og samstarfsfunda og aðkomu að einstaklingsmálum m.a. vegna sáttarmiðlunar.

Háskóli Íslands: Háskóli Íslands ber ábyrgð á skipulagningu á mati verkefnis og frekari rannsóknum. Niðurstöður rannsóknarinnar mun nýtast til frekari þróunar í vegna þjónustu fyrir börn sem sýna áhættuhegðun og almennum forvarnarstefnum.

Samstarfsaðilar munu einnig, í sameiningu, koma að gerð verkferla, eyðublaða og huga að samlegðaráhrifum og skörun við úrræði sveitarfélaganna.

Mat á árangri

Árangur verður mældur í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Þau munu leggja grunn að miðlægu og þverfaglegu árangursmati fyrir viðbragðsaðila í ofbeldismálum meðal barna á Íslandi.

Eftirfarandi atriði eru innifalin í fyrirbyggjandi tilboði:

- Undirbúningur og skipulag verkþátta í samvinnu við verktaka.
- Grunnmæling á tíðni og tegund ofbeldis meðal barna og unglinga hjá viðbragðsaðilum. Könnun inniheldur samtals 30 spurningar.
- Kortlagning á tíðni og tegund ofbeldis meðal barna og unglinga. Gerendur / þolendur. Unnið verður upp úr fyrirbyggjandi gögnum.
- Rýnihópar með viðbragðsaðilum og foreldrum samtals 5 rýnihópar.
- Drög að samræmdum viðbragðsáætunum á samráðsfundi með viðbragðsaðilum. Niðurstöður könnunar, kortlagningar og rýnihópa nýttar.
- Endurtekning grunnmælingarannsóknar að ári.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Áframhald verkefnis

Við lok tilraunatímans, m.t.t. þeirrar þróunar sem hefur orðið í málaflokknum, verður metið hvaða leið verður farin til að tryggja að sá árangur sem náðst hefur haldi áfram. Ætla má að með þessu samhenta átaki sveitarfélaganna verði hefðin fyrir samstarfi orðin meiri, yfirsýnin betri, viðbrögðin orðin samræmdari og sú sérþekking sem myndast með störfum teymisins og fræðslu frá Barna- og fjölskyldustofu, sitji eftir á 1., 2. og 3. þjónustustigi sveitarfélaganna skv. lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Einnig eru vonir um að á tímabilinu takist að stytta biðlista í þau úrræði sem hægt er að leita til, á öllum þjónustustigum. Við lokamat verkefnis verður skoðað með hvaða hætti sveitarfélögin geta unnið áfram saman að málaflokknum og ákvörðun tekin um framhald verkefnisins í tengslum við aðgerðir annarra stofnanna vegna ofbeldis meðal barna.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Kynning á niðurstöðum

Starfsfólk teymisins, auk samstarfsaðila eru tilbúnir til að kynna verkefnið og niðurstöður mats og rannsókna fyrir hagsmunaaðilum, þjónustuveitendum, öðrum sveitarfélög og fleirum eftir þörfum.

Fagþekking verkefnahóps

Lagt verður upp með að starfsfólk teymisins sé þverfaglegt og hafi yfirgripsmikla þekkingu á málefnum barna og fjölskyldna, ofbeldismálum og reynslu í samskiptum við börn og unglinga. Teymið samanstendur af félagsráðgjöfum, sálfræðing og stöðugildum í hlutastarfi fyrir tómstunda- og félagsmálafræðinga og/eða reynslumikla starfsmenn félagsmiðstöðva. Lagt verður upp með að teymið sé fjölbreytt og sé þversnið af samfélaginu m.t.t. kynja og fjölbreyttan tungumála- og menningarbakrunna.

Sá faglegi stuðningur sem teymið hefur aðgang að hjá Barna- og fjölskyldustofu mun einnig tryggja að unnið sé eftir gagnreyndum aðferðum og eftir nýjustu rannsóknarniðurstöðum á hverjum tíma.

Bak- og stýrihópur er einnig samsettur af fjölbreyttu fagfólki frá ólíkum stofnunum til að tryggja heildarsýn verkefnis

Reglur, ferlar og lagalegur grunnur

Ábyrgð málsmeðferðar er ávallt hjá ábyrgðaraðila innan viðkomandi sveitarfélags og þjónustustigs. Teyminu er ætlað að veita stuðning þar sem málið er statt að hverju sinni. Starfsfólk teymsins mun því ekki taka stjórnsýslulegar ákvarðanir en styðja við þær ákvarðanir sem teknar eru innan sveitarfélagsins. Reglur, ferlar og lagalegur grunnur fer því eftir því á hvaða þjónustustigi málið er unnið. Teymið mun þó ávallt vinna eftir lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Eftirfarandi upptalning er dæmi um þau lög og reglur sem geta legið til grundvallar í vinnslu þeirra mála sem teymið hefur aðkomu að.

- Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021
- Barnaverndarlög nr. 80/2002
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Æskulýðslög nr. 70/2007
- Barnalög nr. 76/2003
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

Sveitarfélögin munu gera með sér samstarfssamning skv. 92. gr. stjórnsýslulaga með nánari útfærslum þar sem fram koma nauðsynlegar upplýsingar um eignarhald og ábyrgð.

Kostnaður

Sjá nánar fylgiskjal 2

Starfsmanna- kostnaður

Nánari upplýsingar um kostnaðarliði má finna í fylgiskjalinu "Sundurliðaður kostnaður".

Teymisstjóri - 100% stöðugildi: 30.151.698 kr.

Félagsráðgjafar - 200% stöðugildi: 57.465.876 kr.

Sálfræðingur - 100% stöðugildi: 29.476.074 kr.

Einstaklingsst. í 250% stöðugildi: 49.931.073 kr.

Yfirvinna 95 tímar: 21.888.549 kr.

Annar starfsmannakostnaður: 36.823.956 kr.

Kostnaður v. mannauðsmála - 20%: 7.087.000 kr.

Stöðugildi. hjá BOFS 100% stöðugildi: 34.000.000

Aðbúnaður

Leiga: 6.140.616 kr.

Bílar: 5.520.000 kr.

Síma- og tölvusamningar: 7.008.000 kr.

Endurmenntun/námskeið: 641.688 kr.

Stofnkostnaður

Símar: 1.050.000 kr.

Skrifborð og stólar: kr. 1.680.000 kr.

Síma- og tölvusamningar: 7.008.000 kr.

Lyklaborð, mýs og skjáir: 1.085.000

Annað

Mat á verkefni, Háskóli Íslands: 20.000.000 kr.

Ófyrirsjáanlegur kostnaður: 5.000.000 kr.

Samtals

314.949.530 kr.

Nánari skýringar á kostnaði

Teymið verður staðsett á einni af fjórum hverfamiðstöðvum Reykjavíkurborgar og næsti stjórnandi teymisstjórans starfsmaður Reykjavíkurborgar. Vegna þessa er sótt um 20% stöðugildi. Sá kostnaðarliður er einnig hugsaður til að mæta þörf fyrir frekari sérfræðiaðstoð sem teymið þarf að geta leitað í, t.d. vegna mannauðs- eða lögfræðimála.

Auk þess er sótt um 5.000.000 í ófyrirsjáanlegan kostnað, t.d. vegna veikinda eða annarra starfsmannamála.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Apríl - júní 2025

Undirbúningur fyrir umsókn til Mrn

- Settur bakhópur með fulltrúum samstarfsaðila
- Samráð við samstarfsaðila sem geta stutt við teymið, t.d. með fræðslu og stuðningi við starfsfólk teymis.
- Umsókn til Mrn skilað inn

Febrúar 2026 - Janúar 2027

Þróun og endurskoðun verkefnis

- Reglubundin þjálfun og endurmenntun
- Endurkoðun eftir þörfum
- Styðja við málstjóra með aukinni þjálfun og fræðslu
- Sveitarfélögin koma sér saman um framtíðarsýn og framtíð teymisins

September 2025 - janúar 2026

Teymið tekur til starfa

- Stýrihópur verkefnis stofnaður. Reglulegt samráð.
- Ráða og þjálfar starfsfólk, móta verkferla, eyðublöð
- Finna húsnæði
- Útvega aðbúnað

Febrúar 2027 - Júní 2027

Lok tilraunatímabils

- Samantekt á niðurstöðum mats
- Kynningar niðurstöðum kynntar hagsmunaaðilum
- Sveitarfélög vinna að yfirfærslu teymis í þá mynd ákveðið verður

Aðrir samráðs-aðilar

Nafn	Starfsheiti	Starfsstaður
Margrét Edda Yngvadóttir	Sérfræðingur í farsæld barna	Barna- og fjölskyldustofa
Ásdís Sigurjónsdóttir	Sérfræðingur í farsæld barna	Barna- og fjölskyldustofa
Bergdís Ýr Guðmundssdóttir	Sérfræðingur á gæðasviði	Barna- og fjölskyldustofa
Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir	Lögfræðingur á Gæðasviði	Barna- og fjölskyldustofa
Hulda Björk Finnsdóttir	Innleiðingastjóri farsældar	Reykjavíkurborg
Guðrún Halla Jónsdóttir	Forvarnarfulltrúi	Reykjavíkurborg
Hjörleifur Steinn Þórisson	Verkefnastjóri - Flotinn	Reykjavíkurborg
Dagbjört Rún Guðmundsdóttir	Skrifstofustjóri barnaverndar	Kópavogur
Stella Björg Kristinsdóttir	Fagstjóri forvarna- og frístundastarfs	Hafnarfjörður
Egla Ursula Stasysdóttir	Málstjóri og verkefnastjóri	Mosfellsbær
Anna Eygló Karlsdóttir	Deildarstjóri Barnaverndar	Garðabær
Þóra Jónasdóttir	Aðstoðar-yfirlögreglugubjónn	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Unnar Þór Bjarnason	Verkefnisstjóri samfélagslögregluma	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir	Skólastjóri	Langholtsskóli
Anna Lára Pálsdóttir	Sérfræðingur í ráðgjöf og stuðningi	Landsteymi, MMS

Nafn	Starfsheiti	Starfsstaður
Páll Ólafsson	Framkvæmdarstjóri farsældarsviðs	Barna- og fjölskyldustofa
Hanna Borg Jónsdóttir	Verkefnastjóri	SSH
Guðberg Konráð Jónsson	Forstöðumaður, Félagsvísindasvið	Háskóli Íslands
Guðný Gústavsdóttir	Verkefnastjóri, Félagsvísindasvið	Háskóli Íslands
Sigurður Örn Magnússon	Deildarstjóri	Barnavernd Reykjavíkur
Auður Ósk Hálfðánsdóttir	Mannauðsráðgjafi	Reykjavíkurborg
Agnes Sif Andrésdóttir	Fjármálastjóri velferðarsviðs	Reykjavíkurborg

Helstu fundir og samráð vegna verkefnis

Dagsetning	Fundur/samráð	Markmið
28.02.2025	MRN	Ræða möguleikann á bráða- og viðbragðsteymi
06.03.2025	Framkvæmdarstjóri meðferðarsviðs BOFS	Rætt um stöðu ofbeldismála m.t.t. viðbragðsteymis
27.03.2025	LRH	Rætt við Þóru Jónasd. um stöðu verkefnis og samstarfi við lrh.
09.04.2025	SSH	Ræða um möguleikann á samstarfi SSH
22.04.2025	BOFS	Ræða við lögfræðinga BOFS um hýsingu teymis, umboð og
30.04.2025	MRN	Ræða fyrirbyggjandi möguleika á hýsingu teymis
02.05.2025	BOFS	Ræða við lögfræðinga BOFS um niðurstöðu fundar með Mnr. og aðra
05.05.25	Eygló Harðard.	Ræða um samspil verkefnis og aðgerðarinnar “að
12.05.25	MRN	Samræming vegna tilraunaverkefnis og aðgerða í skýrslu
13.05.25	Deildarstjórar Barnaverndar	Upplýsa um tilraunaverkefnið
14.05.25	SSH	Ræða um bakhóp og hýsingu teymis
20.05.25	RVK-borg	Rvk-borg samþykkir að „hýsa“ teymið
27.05.25	Landsteymi MMS	Upplýsa Landsteymið og óska eftir aðkomu að bakhóp
27.05.25	Bakhópur	Upplýsa bakhóp um stöðuna og næstu skref
02.06.25	Bakhópur	Vinnufundur

Helstu fundir og samráð vegna verkefnis -frh

03.06.25	Barnavernd RVK	Rætt við Sigurð Örn hjá B.R. um samspil við bakvaktir barnaverndar
03.06.25	MST	Rætt um samspil teymis og MST og mögulega handleiðslu við teymið
03.06.25	Mannauðsráðgjafi RVK	Rætt um vaktarfyrirkomulag, starfsmannamál, laun og
04.06.25	MRN	Upplýsingafundur vegna styrks
05.06.25	SÍS	Fundur með lögfræðingi hjá SÍS vegna samstarfssamning
10.06.25	Stuðlar	Ræða samspil við neyðarvistun
11.06.25	SSH	Upplýsa um stöðu verkefnis
11.06.25	Háskóli Íslands	Ræða um mögulegt mat á verkefninu
13.06.25	Stjórnendur barnaverndarþjónustu (Rvk, kóp, grb.)	Ræða vaktarfyrirkomulag teymisins m.t.t. bakvakta
13.06.25	Meðferðarsvið BOFS	Samspil - farvegurinn
18.06.25	Bakhópur	Stöðutaka
18.06.25	Sviðsstjórar RVK	Ræða um teymið m.t.t. skipurits, hýsingar og staðsetningar
18.06.52	Mannauðsráðgjafar RVK	Rætt um kostnað v. launa, vakta og aðbúnaðs.
18.06.25	Kynning	Skóla- og frístundaráð og Velferðarráð Reykjavíkurborgar
24.06.25	Háskóli Íslands	Ræða um mögulegt mat á verkefninu
30.06.25	Skila inn umsókn	



FARSÆLD BARNA



Reykjavíkurborg



Kópavogsbær



Hafnarfjörður



GARÐABÆR



MOSFELLSBÆR



SELTJARNARNES



Barna- og
fjölskyldustofa



LÖGREGLAN